


RORUM

Fuglaskoðun í landi Blikastaða



RORUM 2025-005

Rorum 2025 005	Dags. 26.8.2025	Dreifing: Opin	Fjöldi síðna: 10
ISSN 2547-6696			
Heiti skýrslu: Fuglaskoðun í landi Blikastaða			
Höfundur: Þorleifur Eiríksson Sigurður Ívar Jónsson			
Framkvæmd: RORUM			
Unnið fyrir: Nordic arkitekta			
Útdráttur: Samkvæmt beiðni Nordic arkitekta fór fram fuglaskoðun í landi Blikastaða 25 -26.6.2025. Niðurstöður voru í samræmi við væntingar. Mest áberandi tegundir voru: stelkur, spói, tjaldur, heiðlóa og þúfutittlingur en einnig voru hrossagaukar og jaðrakan algengir. Grágæsavarp er á svæðinu. Fuglalífið er eins og við má búast í blönduðu landbúnaðarlandi og einkennist af algengum mófuglum, en einnig verpir grágæs á svæðinu.			
RORUM ehf. • Lyngháls 10 • 110 Reykjavík • +354 8977395 • rorum@rorum.is • www.rorum.is			

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Aðferðir	6
3	Niðurstöður	7
4	Umræður	10
5	Heimildir	10

Myndir

Mynd 1. Athafnasvæði – Blikastaðir.	4
Mynd 2. Þurrkað mýrlendi í forgrunni og lyngmóar á holtinu.	5
Mynd 3. Mýrlendi og tún.	5
Mynd 4. Lyngmói, valllendi og tún.	6
Mynd 5. Talningareitir við Blikastaði.	7
Mynd 6. Spóaungi í nágrenni Blikastaða.	8

Tafla

Tafla 1. Tegundir og fjöldi einstaklinga eftir talningasvæðum.	9
Tafla 2. Tegund og fjöldi einstaklinga tegundar og válistagreining.	10

1 Inngangur

Að beiðni Nordic arkitekta gerði Rorum fuglaathugun í landi Blikastaða í Mosfellsbæ vegna deiliskipulags (Mynd 1).



Mynd 1. Athafnasvæði – Blikastaðir.

Svæðið skiptist upp í tún, aflögð tún, þurrkað mýrlendi, vallendi og lyngmóa (Mynd 2, Mynd 3, Mynd 4) (sjá líka Árni Bragason 2024) og búist við algengum vaðfuglum og spörfuglum (sjá líka Árni Bragason 2024) sem oft eru kallaðir mófuglar. Það er safnheiti yfir fugla sem velja sér opið mólendi og mýrlendi til varps.



Mynd 2. Þurrkað mýrlendi í forgrunni og lyngmóar á holtinu.



Mynd 3. Mýrlendi og tún.



Mynd 4. Lyngmói, vallendi og tún.

2 Aðferðir

Beiðni kom um fuglaskoðun 20. Júní 2025, sem er frekar seint að vori fyrir fuglaskoðun, en ákveðið að fara vettvangsferð við fyrsta tækifæri, sem var ekki hægt vegna rigningar og skúraleiðingar fyrr en 25. og 26. júní 2025.

Svæðið er ekki stórt, en það var skoðað 25. júní til að fá yfirlit yfir svæðið og því skipt í talningareiti til að halda utan um athuganir (Mynd 5). Næsta dag, 26. Júní, var svæðið gengið skipulega og fuglar greindir til tegunda með sjónauka, atferli þeirra lýst og þeir taldir. Svæði X er ekki merkt á kortið, þar sem því var bætt við eftir á fyrir trjálundinn við Blikastaðabæinn.



Mynd 5. Talningareitir við Blikastaði.

3 Niðurstöður

Við fuglatalningar sáu 12 tegundir fugla og voru þær dreifðar um allt svæðið, en mismikill fjöldi í reitum (Tafla 1, Tafla 2). Mest áberandi tegundir voru: stelkur, spói, tjaldur, heiðlóa og þúftuttlingur en einnig voru hrossagaukur og jaðrakan algengir. Mikil ummerki sáu um gæs og menn við vinnu á Blikastöðum sögðu að gæsir verptu vestur og norðvestur af bænum, en gæsir voru að mestu farnar af svæðinu við vettvangsathuginna. Til viðbótar voru skógarpröstur og svartpröstur á svæðinu. Einnig sáu sílamáfur og kría, en eru líklega ekki varpfuglar. Heildarfjöldi einstaklinga var 151. Eitt spóapar fannst með tvo unga (Mynd 6).



Mynd 6. Spóaungi í nágrenni Blikastaða.

Hópamyndun og mikill fjöldi einstaklinga algengustu tegunda bendir til að hluti fuglanna sé kominn á svæðið eftir varp annars staðar eða fleygir ungar, sem er mögulegt miðað við árstíma (Jóhann Óli Hilmarsson 2021).

Tafla 1. Tegundir og fjöldi einstaklinga eftir talningasvæðum.

Talningasvæði	Tjaldur	Hrossagaukur	Stelkur	Spói	Jaðrakan	Heiðlóa	Skógarpröstur	Svart-pröstur	Þúfuttitlingur	Kríá	Sílamáfur	Grágæs	Fjöldi
A	2		2			1							5
B				1									1
C	3	2	1	1	1	2	1		6	1			18
D		1	2										3
E			1								1		2
F		1		1									2
G													0
H			3										3
I	1		3	1									5
K		1	4										5
L				6		4							10
M	3			7		6							16
N	6	2	1	6	1	9			4				29
O	2		1	2									5
P	2			1									3
Q				1									1
R												2	2
S		1	12						1				14
T	2	1	1	2	3		1		2		2	2	16
U			1										1
V	2		1					1			1		5
W			2										2
X							2	1					3
Fjöldi	23	9	35	29	5	22	4	2	13	1	4	4	

Tafla 2. Tegund og fjöldi einstaklinga tegundar og válistagreining.

Tegund	Vísindaheiti	Fjöldi	Válisti
Tjaldur	<i>Heamatopus ostralegus</i>	23	VU
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	9	LC
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	35	VU
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	29	VU
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	5	NT
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	22	VU
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	4	LC
Svartpröstur	<i>Turdus merula</i>	2	LC
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	13	LC
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	1	VU
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	4	NT
Grágæs	<i>Anser anser</i>	4	NT
	Fjöldi einstaklinga samtals	151	

Á válista eru tegundir: í nokkurri hættu (VU), í yfirvofandi hættu (NT), metnar en ekki í hættu (LC) (Náttúrufræðistofnun 2025).

4 Umræður

Niðurstöður fuglatalninga voru í samræmi við væntingar og sáust allar tegundir sem sáust í athugun 2004 (Árni Bragason 2024).

Gæs verpti á svæðinu 2024, um 30 fuglar, en þær voru farnar af svæðinu þegar vettvangsathugun var gerð, en greinileg ummerki sáust um þær fyrir vestan og norðvestan Blikastaðabæ á talningasvæðum S og R. Auk þess sáust þá nokkur pör af stelkum, spóum, þúfutittlingum, hrossagaukum, lóum, skógarpröstum, tjöldum. Einnig sást jaðrakan og kría.

Fuglalífið við Blikastaði er eins og við var búist í blönduðu landbúnaðarlandi og einkennist af algengum mófuglum, en auk þess verpir grágæs á svæðinu.

5 Heimildir

Árni Bragason. 2024. Blikastaðir – skýrsla um náttúrufar 1. áfangi deiliskipulags. Árni Bragason.

Jóhann Óli Hilmarsson. 2021. Íslenskur fuglavísir. Mál og menning.

Náttúrufræðistofnun. 2025. [natt.is /valisti-fugla-2025](https://natt.is/valisti-fugla-2025).